

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Október 2025

Eurovision

Í lok síðasta mánaðar boðaði stjórn Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva til atkvæðagreiðslu aðildarríkja söngva-keppninnar Eurovision um þátttöku Ísrael í henni. Atkvæðagreiðslan fer fram í byrjun nóvember og er boðuð í kjölfar þess að nokkur þátttökulönd hafa þrýst á sambandið að meina Ísrael þátttöku og einhver hafa tilkynnt að þau dragi sig annars úr keppni.

Forysta RÚV hefur gefið í skyn að þau muni ólíklega taka þátt í keppninni verði Ísrael með og að þau muni líklega greiða atkvæði gegn þátttöku Ísrael en hefur ekki gefið afgerandi svör. Utvarpsstjórar norðurlandanna koma saman á næstu dögum og haft er eftir stjórnarformanni RÚV að ákvörðun verði að öllum líkindum tekin í lok mánaðar um hvort stofnunin greiði atkvæði með brottvísun Ísrael úr keppninni eða ekki.

Könnun Gallup sýnir að meirihluti þjóðarinnar er almennt hlynntur þátttöku Íslands í Eurovision en ekki ef Ísrael verður með, eða 58%. Ríflega fimmtungur er hlynntur þátttöku Íslands óháð þátttöku Ísrael. Nær 15% eru mótfallin þátttöku í keppninni óháð þátttöku Ísrael og 6% eru almennt hlynnt þátttöku en ekki ef Ísrael verður meinuð þátttaka.*¹

Hver eftirfarandi fullyrðinga lýsir best viðhorfi þínu til þátttöku Íslendinga í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Eurovision) næsta vor?



■ Ég er hlynnt(ur) þátttöku hvort sem Ísrael verður með eða ekki ■ Ég er almennt hlynnt(ur) þátttöku en ekki ef Ísrael verður með ■ Ég er almennt hlynnt(ur) þátttöku en ekki ef Ísrael verður meinuð þátttaka ■ Ég er mótfallin(n) þátttöku hvort sem Ísrael verður með eða ekki

Í byrjun síðasta árs lá fyrir að Ísland tæki þátt í keppninni í fyrra en gagnrýnisraddir voru uppi um það vegna þátttöku Ísrael. Könnun Gallup á viðhorfi landsmanna sýndi að þá voru rúmlega þrír af hverjum tíu fylgjandi þátttöku Íslands en nær helmingur andvígur.*²

Þátttaka Ísrael hefur minni áhrif á viðhorf karla en kvenna til þess hvort Ísland eigi að taka þátt eða ekki. Íbúar landsbyggðarinnar eru almennt mótfallnari þátttöku í keppninni en íbúar höfuðborgarsvæðisins, óháð þátttöku Ísrael. Fólk með háskólapróf er líklegra en fólk með minni menntun að baki til að vera almennt hlynnt þátttöku en ekki ef Ísrael verður með. Þátttaka Ísrael hefur minni áhrif á viðhorf þeirra sem hafa ekki lokið háskólaprófi. Fólk með lægstar fjölskyldutekjur er frekar almennt mótfallið þátttöku Íslands í keppninni en fólk með hærri tekjur.

Þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn eða Miðflokkinn ef kosið yrði til Alþingis nú eru líklegust til að vera hlynnt þátttöku Íslands í keppninni óháð þátttöku Ísrael. Þau sem kysu Samfylkinguna eða Viðreisn eru líklegust til að vera almennt hlynnt þátttöku en ekki ef Ísrael verður með.

Kyn *



Búseta *




Menntun *



Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *



* Marktækur munur

*¹ Könnunin fór fram dagana 18. september - 2. október og stærstur hluti svaranna kom inn fyrstu dagana. Samband evrópskra sjónvarpsstöðva boðaði til atkvæðagreiðslunnar þann 25. september sl.

*² (https://www.gallup.is/frettir/thattaka_eurovision_2024/)

Spurt var:

- Hver eftirfarandi fullyrðinga lýsir best viðhorfi þínu til þátttöku Íslendinga í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Eurovision) næsta vor?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 18. september til 2. október 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.748 og þátttöku-hlutfall var 46,8%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.